



MSS26080087

Borgarráð 27. ágúst 2026: Tillaga borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar um áhættumat á breyttu stjórnskipulagi velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs

Samfylkingin leggur til að gert verði áhættumat á þeim breytingum sem meirihluti borgarráðs samþykkti á starfsemi velferðar- og skóla- og frístundasviðs. Meta þarf áhættu á þjónustufalli í þjónustu frístunda- og félagsstarfs, þjónustu við viðkvæma hópa, til að mynda fólk í félagslegri einangrun, fólk í úrræðum virkniúss, sértæk úrræði fyrir unglinga í vanda, fatlað fólk, börn sem þurfa stuðning inn í skóla, fjölskyldur með fjölþættan stuðning, eldra fólk og svo aðra slíka hópa.



Reykjavík